

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 162/2007**

**frá 7. desember 2007**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptajónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2007 frá 26. október 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/98/EB frá 14. febrúar 2007 um samræmda notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 2 GHz með tilliti til upptöku kerfa til að veita farstöðvaþjónustu um gervihnött <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/131/EB frá 21. febrúar 2007 um að heimila samræmda notkun í Banda laginu á tíðnirófi fyrir þráðlausar sendingar að því er varðar búnað sem notast við ofurvíðbandstækni <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 5cu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007) í XI. viðauka við samninginn:

„5cv. **32007 D 0098**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/98/EB frá 14. febrúar 2007 um samræmda notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 2 GHz með tilliti til upptöku kerfa til að veita farstöðvaþjónustu um gervihnött (Stjtið. ESB L 43, 15.2.2007, bls. 32).

5cw. **32007 D 0131**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/131/EB frá 21. febrúar 2007 um að heimila samræmda notkun í Banda laginu á tíðnirófi fyrir þráðlausar sendingar að því er varðar búnað sem notast við ofurvíðbandstækni (Stjtið. ESB L 55, 23.2.2007, bls. 33).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2007/98/EB og 2007/131/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 84, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 85.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 43, 15.2.2007, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 55, 23.2.2007, bls. 33.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.